



GJALDSKRÁ fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í Blönduóssbæ

1. gr.

Blönduóssbær innheimtir gjald fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. III. kafla samþykktar um fráveitur og rotþrær í Blönduóssbæ.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennslislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins er samkvæmt sérstakri gjaldskrá um tengigjöld veitna Blönduósbæjar.

3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,25% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Árlegt rotþróargjald skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0-2000 lítra	kr. 10.400 pr. þró.
Rotþró 2001-4000 lítra	kr. 13.250 pr. þró.
Rotþró 4001-6000 lítra	kr. 14.250 pr. þró.
Rotþró 6001 lítra og stærri	kr. 17.950 pr. þró.

Gjald miðast við að barkalengd hreinsibíls sé 50 metrar eða styttri. Fyrir barkalengd umfram 50 metra skal eigandi greiða sérstaklega skv. reikningi.

5. gr.

Fyrir aukalosun skal innheimta gjald kr. 10.450 fyrir hverja losun.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með vísan til 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitu og skv. 25 gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og á grunni samþykktar um fráveitur og rotþrær í Blönduóssbæ og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrár númer 1342/2018. Gjaldskráin var samin og samþykkt á fundi sveitarstjórnar Blönduósbæjar þann 17. desember 2019.

Blönduóssbær, 3. janúar 2020


Valdimar O. Hermannsson, sveitarstjóri.